**Myndlist**

eftir VALTÝ PÉTURSSON



# Niels Hafstein á Kjarvalsstöðum

Niels Hafstein hefur haldið nokkrar sýningar á verkum sínum og einnig tekið þátt í samsýningum bæði hér og annars staðar. Má þar t.d. nefna Amsterdam, sem er að nokkru annað heimili þeirra ungu manna, sem fást við vissa tegund listar, sem virðist fremur hafa blómgast í þeirri borg en á öðrum stöðum. Þar eru einnig skólar, sem leggja hvað mestan þunga á algert frelsi í myndgerð, og álíta margir, að þar sé að finna hinn eina rétta tón, eins og eitt sinn var sagt. Ekki skal lagður nokkur dómur á réttlæti þessarar kenningar hér, en þau verk, er Niels Hafstein sýnir á Kjarvalsstöðum að þessu sinni, munu án efa flokkast undir hugmyndafræðilega list. Hér er um að ræða verk gerð í tré, og ég tek mér það bessaleyfi að flokka hlutina undir skúlptúr.

Þessi verk eru sett upp á gangi og í garði Kjarvalsstaða, og mun listamaðurinn hafa fengið aðstöðu til að vinna í kjallara hússins að uppsetningu sumra verkanna. Þau eru snyrtilega gerð, og handbragð er gott. Það eru aðeins fimm verk á þessari sýningu, og eitt þeirra mun vera í 9 þáttum. Hvað listamaðurinn er að fara, veit ég því miður ekki og verð að viðurkenna að ég hef ekki orðið fyrir neinum sérstökum áhrifum af þessum verkum. Samt sér maður, að Níels Hafstein notfærir sér ýmsa möguleika, og ekki veit ég, hve frumlegt þetta framlag hans er, en það virðist þó nokkuð misjafnt. Það er amalegt, að ekki skulu vera nokkrar skýringar á þessum verkum. Hugmyndafræðileg list virðist ná nokkuð skammt, ef ekki er látið uppi, hvað hlutirnir eigi að tákna eða hvað þeir þýða í samfélagi manna og hvern þátt þeir eiga að skýra í þróun listar. Allt þetta fer forgörðum á þessari sýningu Níelsar Hafstein, og ég læt mér koma til hugar, að hann einn skilji og viti, til hvers hann hefur lagt auðsæja vinnu og natni í tilbúning þessara verka. Sem sagt, þessi litla sýning á Kjarvalsstöðum er hógvær og flytur ekki sérlega mikinn boðskap. Það er eins og maður verði svolítið hissa yfir því, að listamaðurinn skuli hafa eytt þreki og tíma í þessi verk. Það hefur löngum verið takmark margra listamanna að koma áleiðis gagnrýni á samfélagið eða hafa í frammi áróður fyrir vissu lífsmynstri. En því miður sé ég ekki þessa þætti í verkum Níelsar Hafstein. Það getur meira en verið, að mín kynslóð hafi svo allt aðrar hugmyndir um tilgang og takmark lista, að við höfum enga möguleika til að tileinka okkur það, sem margir af yngri mönnum láta frá sér fara. Um þetta verður tíminn einn að dæma.

Níels Hafstein hefur staðið fyrir að koma saman safni af þeirri tegund listar, er hér hefur verið fjallað um. Hann á eflaust þakkir skilið fyrir framlag sitt á því sviði, en enn verð ég að viðurkenna vanþekkingu mína, það safn hef ég ekki enn séð og get því ekkert um það sagt.

**Valtýr Pétursson.**



**Valgerður Árnadóttir Hafstað listmálari við mynd sem hún kallar stafir.** Ljósm. Mbl. Kristján.

## Málverkasýning í FÍM-salnum:

# Valgerður Hafstað sýnir

**Valgerður Árnadóttir Hafstað listmálari opnar í dag málverkasýningu í FÍM salnum Laugarnesvegi 112. 41 verk verður á sýningunni, en flestar þeirra mynda voru sýndar í Bandaríkjunum, en þar sýndi Valgerður fyrir nokkru. Sýningin stendur til 10. september.**

Valgerður er fædd í Skagafirði árið 1930. Hún stundaði nám í Kaupmannahöfn árið 1947—1948 og einnig við Myndlista- og handíðaskóla Íslands á árunum 1948—1951. Einnig nam hún í París um tíma. Hún er gift frönskum málara, André Enard, og bjuggu þau um skeið í Frakklandi en hafa búið í Bandaríkjunum síðustu fimm árin. Þetta er fjórða einkasýning Valgerðar hér á landi, en hún hefur einnig tekið þátt í nokkrum samsýningum hér og erlendis.


**Húsaval**

FLÓKAGÖTU 1
SÍMI 24647

**Snorrabraut**
2ja herb. rúmgóð, vönduð íbúð á 1. hæð. Svalir. Laus strax.

**Maríubakki**
2ja herb. 70 ferm. vönduð íbúð á 1. hæð. Svalir.

**Bergstaðastræti**
3ja herb. íbúð á 2. hæð ásamt rúmgóðu risherb. Sér hiti, sér inngangur.

**Seljavegur**
3ja herb. snotur risíbúð.

**Helgi Ólafsson**
**löggiltur fast.**
**kvöldsími 21155.**

**29555**

**Opið 1—5 í dag**

**KAPLASKJÓLSVEGUR**
Einstaklingsíbúð í kj. Verð tilboð.

**ÖLDUGATA**
2ja herb. 55 ferm. kj.íbúð. Vinnuaðstaða í útihúsi fylgir.

**ÁLFASKEIÐ**
2ja herb. 65 ferm. íbúð á 3. hæð. Bílskúrssökklar fylgja. Verð 18 millj. útb. 14 millj.

**LINDARGATA**
3ja herb. 70 ferm. risíbúð. Öll nýendurnýjuð. Verð 17 millj. útb. 12.2 millj.

**SELJAVEGUR**
3ja herb. 70 ferm. íbúð á 4. hæð. Verð 15.5 millj. útb. 10 millj.

**LEITIÐ UPPLÝSINGA UM EIGNIR Á SÖLUSKRÁ. VERÐMETUM ÁN SKULDBINDINGA. HÖFUM KAUPENDUR AÐ ÖLLUM GERÐUM EIGNA.**

**EIGNANAUST**
LAUGAVEGI 96
(við Stjörnubíó)
SÍMI 29555
Lárus Helgason sölustj.
Svanur Þ. Vilhjálmsson hdl.

29277
EIGNAVAL

**Opið í dag frá 9—4**

**Vesturbær — tvíbýli**
Höfum í einkasölu húsnæði með tveim íbúðum gið við Granaskjól. 4 herb. íbúð á hæð og 3ja herb. í kjallara. Bílskúrsréttur, ræktuð lóð. Nánari upplýsingar á skrifstofunni, ekki í síma.

**Mávahlíð 4 herb.**
114 ferm. góð risíbúð. Verð 23 millj.

**Hvassaleiti — raðhús**
Mjög gott endaraðhús við Hvassaleiti. Skipti æskileg á 4 herb. íbúð í Gerðunum, Fossvogi eða nágrenni.

**Espigerði**
130 ferm. úrvalsíbúð. Fæst eingöngu í skiptum fyrir raðhús eða einbýlishús í Háaleitishverfi. Góð milligjöf í peningum.

**Lindargata 3ja herb.**
íbúð í timburhúsi. Íbúðin er laus nú þegar. Verð 15 millj.

**Heiðasel — raðhús**
með innbyggðum bílskúr. Húsið selst fokhelt og er til afhendingar í haust. Nánari upplýsingar og teikningar á skrifstofunni.

**Ásbúð — raðhús**
Selst fokhelt eða lengra komið. Til afhendingar fyrri part vetrar. Teikningar á skrifstofunni.

**Breiðholt III — einbýli**
Fokhelt einbýlishús á mjög góðum stað í Breiðholti III. Teikningar og nánari upplýsingar á skrifstofunni.

**Miðtún 3ja herb.**
mjög góð kjallaraíbúð. Íbúðin er samþykkt. Verð 17.5 millj.

**Í smíðum**
**Furugrund Kópavogi**
Höfum eina óselda 4—5 herb. íbúð á 1. hæð í 3ja hæða húsi. Verð 22.650.000. Afhendist í júní 1980. Tilbúin undir tréverk og málningu.
Höfum kaupendur að öllum stærðum íbúða á Reykjavíkursvæðinu. Látið skrá eign yðar hjá okkur.

**EIGNAVAL s/f**
**Miðbæjarmarkaðurinn**
**Aðalstræti 9**
**sími: 29277 (3 línur)**
Grétar Haraldsson hrl.
Sigurjón Ari Sigurjónsson s. 71551
Bjarni Jónsson s. 20134.

TIL SÖLU: 82455 — 82330
Árni Einarsson lögfr.
Ólafur Thóroddsen lögfr.

**Háaleitishverfi — Raðhús**
Vorum að fá í einkasölu, skemmtilegt raðhús í Háaleitishverfi. Húsið er tvær hæðir auk kjallara, innbyggður bílskúr. Verð 55 millj. Upplýsingar aðeins veittar á skrifstofu, ekki í síma.

**Meistaravellir 3ja herb.**
Íbúðin er í algjörum sér flokki.

**Norðurbær — 3ja—4ra herb.**
Vönduð íbúð á 2. hæð. Sér þvottahús og búr. Verð 25—26 millj. Einkasala.

**Hafnarfjörður — óskast**
Við höfum mjög fjársterkan kaupanda að 4ra—5 herb. íbúð í Hafnarfirði þarf að vera með bílskúr. Garðabær og Kópavogur koma jafnframt til greina.

**Markholt — einbýlishús**
Einstaklega vönduð eign. Verð 45 millj.

**Hjá okkur er miðstöð fasteignaviðskiptanna.**

**EIGNAVER SF.**
**Suðurlandsbraut 20, símar 82455 — 82330.**

**Nýtt einbýlishús**
Til sölu í Hveragerði fullklárað 113 ferm. einbýlishús, 50 ferm. tvöfaldur bílskúr. Frágengin lóð. Verð 35 millj., útb. 25. millj.
Uppl. í síma 99-64433 milli 5 og 7 alla virka daga.

**Einbýlishús í smíðum**
Til sölu er einbýlishús í smíðum á Höfn í Hornafirði. Húsið verður afhent fokhelt ásamt bílskúrsgrunni.
Uppl. í síma 97—8499 á daginn og 97—8368 og 97—8558 — 97—8239 á kvöldin.

**Erum fluttir...**

29277
EIGNAVAL

Opnum í dag
í Miðbæjarmarkaðinum
Aðalstræti 9

**Nýtt símanúmer: 2-92-77 (3 línur)**

**Opið í dag kl. 9—4.**

**EIGNAVAL s/f**
**Miðbæjarmarkaðurinn**
**Aðalstræti 9**
**sími: 29277 (3 línur)**
Grétar Haraldsson hrl.
Sigurjón Ari Sigurjónsson s. 71551
Bjarni Jónsson s. 20134.